**Brjef ráðgjafans fyrir Ísland** *til landshöfðingja* **um toll af sólberjalíkör og öðrum ávaxtavínum.** Eptir móttöku brjefa yðar, herra landshöfðingi, dagsettra 13. júní þ. á. og 21. f. m., sbr. brjef hjeðan 22. marz þ. á. og 8. f. m., um fyrirspurn frá Joh. Wilkens ölgerðarmanni í Nakskov um aðflutningsgjald á Íslandi á sólberjalíkör (sólberjavíni) og öðrum ávaxtavínum, hefir ráðaneytið í dag skrifað nefndum Joh. Wilkens ölgerðarmanni og tjáð honum, að samkvæmt tollögum fyrir Island frá 8. nóvbr. f. á. skuli við innflutning til Íslands greiða 15 aura af pottinum í toll af rauðvíni, hvítum borðvínum samskyns og messuvíni, — án tillits til þess, hvort vín þessi eru framleidd af vínberjum eða öðrum ávöxtum,— og 60 aura toll af pottinum af öðrum ávaxtavínum, þarmeð talinn sólberjalíkör (sólberjavín), að því viðbættu, að sjeu hin umræddu vínföng flutt í ílátum, sem rúmi minna en 1 pott, skuli greiða sama gjald af þrem pelum, sem af potti í stærri ílátum. 114 23. ágúst

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og birtingar í B. deild Stjórnartíðindanna.

**Brjef frá landshöfðingja** *til stiptsyfirvaldanna* **um húsabótalán handa Hvammsprestakalli.** Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í brjefi, dagsettu 12. þ. m., og beiðni hlutaðeiganda, vil eg hjermeð veita samþykki mitt til þess að presturinn að Hvammi í Norðurárdal taki 350 kr. lán uppá tekjur prestakallsins til þess að pappa- og járnklæða íbúðarhús staðarins á norðurhlið og austurgafli, og þilja í sundur í tvö herbergi eitt stórt herbergi í austurenda hússins, gegn því að lán þetta endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 15 árum frá lántökudegi að telja, og að ársvextir fari eigi framúr 5 af hundraði. Ennfremur er það skilyrði sett, að lánið verði eigi útborgað fyr en hin umrædda endurbót á húsinu er komin á, og að hún sæti öllum hinum sömu kjörum sem húsið að öðru leyti, sbr. brjef mitt 27. febr. 1891. 115 4. sept.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar, og skal það jafnframt tekið fram, að eigi getur komið til mála, að lán þetta fáist úr landssjóði.

**Brjef landshöfðingja** *til beggja amtmanna.* **Um heilbrigðissamþykktir handa kauptúnum og sjóþorpum.** Hjermeð er yður, herra amtmaður, send til útbýtingar í ömtum yðar nokkur eintök af fyrirmynd fyrir heilbrigðissamþykkt handa kauptúnum og sjóþorpum, og hefi jeg látið semja fyrirmynd þessa í því skyni, að hún yrði til leiðbeiningar fyrir þau kauptún og sjóþorp, sem samin kann að verða heilbrigðissamþykkt fyrir samkvæmt lögum nr. 26. frá 13 sept. 1901. 116 22. okt.

1. dag nóvembermánaðar 1902.

Reykjavík. — Ísafoldarprentsmiðja.

**Upptentað blað.**